

Til allsherjarnefndar
Frá Stigamótum

22.11.2003

Umsögn um 10. mál – Brottvísun og heimsóknarbann

Stigamótakonur fagna því að fá tækifæri til þess að tjá sig um þetta langþráða þingmál. Við höfum sl. 3 ár óskað eftir því við þingheim að lögum um nálgunarbann verði fylgt eftir þannig að þau nái líka yfir þá ofbeldismenn sem enn eru í sambúð með þeim konum sem þeir beita ofbeldi. Við viljum þakka Kolbrúnu Halldórsdóttur sérstaklega fyrir hversu skjótt hún hefur brugðist við.

Þó lög um nálgunarbann sé spor í rétta átt, er gildi þeirra takmarkað þar sem þau ná aðeins yfir þá ofbeldismenn sem beita ofbeldi utan heimils síns. Líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn konum er oftast framið af sambýlismönnum þeirra sem hingað til hafa verið friðhelgir heima hjá sér. Lausn samfélagsins hefur því verið að bjarga konunum og börnum þeirra í kvennaathvörfin, sem í raun þýðir það að friðhelgi heimilisins hefur ekki gilt fyrir sambýlisfólk ofbeldismanna. Slikt er óviðunandi og því er hugmyndafræðilegt gildi þessa frumvarps mjög mikilvægt.

Frumvarpið á það sammerkt með vændisfrumvarpinu að endurspegla nýja hugsun um kynferðisofbeldi. Sjóndeildarhringurinn hefur stækkað frá því sem fyrir var. Kynferðisofbeldi er ekki eingöngu skoðað út frá ofbeldinu sjálfu og þeim sem fyrir því verða. Kastljósinu er beint að rótum vandans, ofbeldismönnum sem hafa það í hendi sér hvort það er framið eður ei.

Eftir að Austurríkismenn settu sín lög árið 1997 hafa bæði Svíar og Norðmenn farið að dæmi þeirra og danir hafa gefið loforð fyrir að sams konar lög verði sett í Danmörku á þessu þingi.

Um Austurísku leiðina

Árið 2001 buðum við Rosu Logar frá Austurríki til Íslands á ráðstefnu Nordiske kvinner mot vold, til þess að kynna Austurísku leiðina. Rósa leiðir ráðgjafarstöðvarnar fyrir þær konur sem fyrir ofbeldinu verða þar í landi og átti ásamt fleirum frumkvæðið að lagabreytingunni. Undirrituð hefur átt þess kost að kynna sér fyrirkomulagið og heimsækja ráðgjafarstöðina í Vín.

Í Austurríki gerist það sjálfkrafa að ráðgjafarstöðvar um heimilisofbeldi fá upplýsingar frá lögreglunni um brottvikninguna með faxi eða með tölvupósti og hafa snarlega samband við sambýliskonur ofbeldismannanna. Þær eru undantekningarlaust boðaðar í viðtal við löglærða ráðgjafa og boðin fagleg ráðgjöf um valmöguleika sína, lögfræðilega stöðu sína og félagsleg úrræði. Ráðgjafarstöðvarnar eru reknar af frjálsum

Stigamót

félagasamtökum en vinna í nánu samstarfi við lögregluna og er um að ræða einstaka samvinnu opinberra aðila og kvennahreyfingarinnar. Samkvæmt austurísku leiðinni er inngripíð því meira en hér er gert ráð fyrir. Hvort Íslendingar ættu að ganga svo langt er umhugsunarefni, það myndi hafa nokkurn kostnað í för með sér, en ætti að sama skapi að vera árangursríkara.

Þáttur lögreglu

Í umsögn Stígamóta um frumvarp um nálgunarbann, lögðum við til að í greinargerð kæmi fram að gert væri ráð fyrir sérstakri fræðslu fyrir lögreglumenn. Samkvæmt þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að lögreglan framkvæmi svokallað hagsmunamat og vald hennar er því mikið.


Bent skal á að í Noregi þar sem lagaákvæði um nálgunarbann hefur verið í gildi frá 1. janúar 1995, hefur farið fram rannsókn á gildi þess (Anne Kari Braathen og Stine Mollstad Novsjø). Í ljós kom að notkun þess var mjög mismikil eftir lögregluumdæmum, mest á þéttbýlustu svæðunum og nær engin í öðrum. Því miður finnast þar í landi of mörg dæmi um alvarlegt ofbeldi og morð sem hefði mögulega verið hægt að fyrirbyggja með notkun lagaákvæðisins um nálgunarbann. Notagildi ákvæðisins ræðst því fyrst og fremst af því að lögreglumenn og dómara séu vel upplýstir um hvernig það megi og eigi að nota.

Við þetta má bæta að Norðmenn brugðust við niðurstöðum þessarar rannsóknar með því að setja á stofn stöðu lögregluþjóns með sérstaka þekkingu á ofbeldi á heimilum við öll lögregluembætti í Noregi. Tryggt er að lögreglumenn í þeim stöðum fái símenntun og fræðslu. Lögreglan þar í landi hefur gert sérstakt átak í meðferð slíkra mála til þess að tryggja þekkingu og fagmennsku. Með mikilli virðingu fyrir mikilvægum störfum bæði lögreglu og dómara viljum við áréttu mikilvægi þess að lögreglu og dómurum sé gert kleift með fræðslu að vera sem best búin til þess að sinna sínum þætti í framkvæmd laganna.

Að lokum viljum við enn og aftur þakka fyrir að þessi þarfa umræða rati inn í þingsal og skorum á þingmenn að samþykkja frumvarpið.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Stígamóta


Guðrún Jónsdóttir (Rúna)